

Proskamat 2-4 vikna

Ef barnið getur ekki **eitt atriði** í viðkomandi þroskamati en engar aðrar áhyggjur eru til staðar, er yfirleitt nóg að gefa ráðleggingar og athuga nánar í næstu heimsókn nema annað sér tilgreint í leiðbeiningum í töflu. Ef barnið getur ekki **tvö atriði eða fleiri** þarf að huga vel að öðrum þáttum og vísa áfram til barnalæknis eða annarra sérfræðinga til nánari athugunar.

	Lýsing	Framkvæmd/lýsing	Úrlausn ef frávik
Grófhreyfingar	Samhverfar hreyfingar hand- og fótleggja	Barnið liggur á bakinu, léttklætt. Fylgist með hreyfingum barnsins, eru þær samhverfar (symmetriskar) eða hreyfir barnið einn eða fleiri útlími minna en hina?	Ef ekki samhverfar, tilvísun til barnalæknis
Samskipti og leikur	Myndar augnsamband	Fylgst er með hvort barnið horfi í augu athuganda og stoppi við í 2-3 sek. Ef þetta gerist ekki sjálfkrafa skal halda á barninu eða halla sér yfir það liggjandi á baki með andlitið u.þ.b. 30 sm frá andliti barnsins og reyna að ná athygli þess og augnsambandi með tali og svipbrigðum.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða aftur í næstu heimsókn. Ef ekki augnsamband í 6 vikna skoðun þá tilvísun til augnlæknis og e.t.v. barnalæknis
Vitsmuna- og málproski	Myndar hljóð	Hlustað er eftir hvers kyns hljóðamyndun hjá barninu, hvort barnið gefur frá sér einhver hljóð önnur en grát, svo sem lítil kurr- og kokhljóð, eða sérhljóð svo sem aa, uu, eeh.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða aftur í næstu heimsókn (6 vikna)*
	Bregst við hljóði	Fylgst er með hvort barnið bregst við rödd eða öðru hljóði úr umhverfinu. Beinir það t.d. augum að eða snýr höfði í átt að hljóðinu, eykur eða minnkar það hreyfingar útlíma eða gerir hlé á eigin hljóðamyndun.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða aftur í næstu heimsókn (6 vikna)

* Ef ekki til staðar við 6 vikna aldur en aðrir þættir í lagi, fylgja eftir
 Ef enn ekki til staðar við 3 mánaða aldur, skoða nánar